

STARFSSKÝRSLA 2008
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
FEBRÚAR 2009



Mynd: Róbert A. Stefánsson

Ranakofinn í Svefneyjum á Breiðafirði

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Þegar lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tóku gildi 1. janúar 2003, breyttust lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og um leið stjórnsýsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Í júlí 2008 rann út fjögurra ára tímabil starfandi nefndar og skipaði Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra í nýja nefnd þann 17. júlí 2008.

Fyrri hluta ársins var Breiðafjarðarnefnd skipuð eftirtöldum fulltrúum samkvæmt skipunarbréfi dags. 6. júlí 2004.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Nanna Jónsdóttir, bóndi.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Snæbjörg Bjartmars, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Samkvæmt skipunarbréfi, dags. 17. júlí 2008, sitja eftirfarandi fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd:

- Kolbrún Reynisdóttir kennari, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Úlfar B. Thoroddsen, framkvæmdastjóri.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Halla S. Steinólfsdóttir, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Sigríður Elísabet Elisdóttir.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt ellefu nefndarfundi á árinu 2008 og voru níu haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

90. fundur var haldinn í Flatey á Breiðafirði eftir vettvangsferð nefndarmanna, sem nánar verður greint frá síðar. Fundinn sátu auk nefndarmanna Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Anna Kristín Ólafsdóttir aðstoðarkona umhverfisráðherra. Á fundinum var ráðherrunum m.a. afhent minnisblað Breiðafjarðarnefndar um styrkingu á vernd Breiðafjarðar. Þar voru kynntar ábendingar nefndarinnar um nauðsynlegar rannsóknir á náttúru- og menningarminjum svæðisins, að efla vernd svæðisins og framfylgja verndaráætlun m.a. vegna tillögu ríkisstjórnarinnar um tilnefningu Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO.

Þá ræddu nefndarmenn og gestir sérstöðu Breiðafjarðar og hugsanlegar breytingar á lögnum með tilliti til marka verndarsvæðisins.

95. fundur og jafnframt síðasti fundur ársins var haldinn 5. desember í Leifsbúð í Búðardal. Friðjóni Þórðarsyni var sérstaklega boðið til fundarins en fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd ásamt fyrrverandi nefndarmönnum notuðu tækifærið og þökkðu Friðjóni farsæla og árangursríka stjórnun í nefndinni árin 1996-2008.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu þær Kolbrún Reynisdóttir, nýskipaður formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, með umhverfisráðherra,

Þórunni Sveinbjarnardóttur, Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra og Önnu Kristínu Ólafsdóttur aðstoðarkonu ráðherra. Sá fundur var haldinn í umverfisráðuneytinu þann 22. ágúst 2008.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I.](#)

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2008 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 8,1 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 7,8 millj. kr. á fjárlögum.

Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um tæplega 880 þús. kr., en þeim fjármunum hafði verið ráðstafað í samstarfsverkefni við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar, prentun á verndaráætlun og endurprentun á kynningarbæklingum um Breiðafjörð.

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2008 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður.

Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2007.


Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2008

fjárheimild ársins 2008	8.100.000	
Tilfærslur og flutt frá fyrra ári vegna örnefnaverkefnis, prentunar og skráningar á sögu Breiðafjarðar	872.635	
Tilfærsla skv. Fjárslu ríkisins	200.000	
Óbókuð en greidd nefndarlaun vegna 2005	916.403	
Samstarfssamningar:		
Raunvísindadeild Háskóla Íslands		456.000
Lögfræðikostnaður vegna samningsgerðar		82.350
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2007		1.427.318
Akstur, flug, bílaleigubílar og dagpeningar		2.264.507
Annar kostnaður vegna funda		154.134
Kostnaður vegna vinnufundar um rannsóknáætlun:		
Skýrslugerð ofl.		354.769
Kostnaður vegna vettvangsferðar:		
Bátar, veitingar og leiðsögn		815.000
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		1.641.333
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		25.555
Vextir, bætur, skattar		1.407

Útgáfa:		
Prentun á kynningarbæklingum um Breiðafjörð		
Prentun ársskýrslu Breiðafjarðarnefndar		
Annar kostnaður:		
Póstburðargjöld		8.010
Óbókaðar greiðslur vegna nefndarlauna 2005		916.403
Flutt til ársins 2009 vegna samnings um örnefnaverkefni		456.000
Flutt til ársins 2009 vegna prentunar á verndaráætlun		280.000
Flutt til ársins 2009 vegna skráningar á sögu Breiðafjaðar		500.000
Flutt til ársins 2009 vegna endurprentunar á kynningarbæklingum um Breiðafjörð		700.000
	Alls	10.089.038
		10.082.786
	Mismunur fluttur til ársins 2009	6.252

10.089.038 10.089.038

Frá árinu 2003 hefur fjárheimild Breiðafjarðarnefndar hækkað örlítið frá ári til árs. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr, árið 2006 7,4 millj. kr, árið 2007 7,8 millj. kr. og eins og fram hefur komið var fjárheimild nefndarinnar 8,1 milljónir króna. Ef fjárheimildir nefndarinnar hefðu fylgt launavísitölu frá 2003 hefði fjárheimild ársins 2008 verið tæpar 10 milljónir króna.



Starfsemi á árinu 2008

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar.

Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjörð en gildistími þeirrar áætlunar var frá árinu 2000 til ársins 2004.

Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun, en verkefnin taka mið af því að unnt verði að standa við markmið áætlunarinnar.

Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Var því ákveðið að næsta verndaráætlun beri heitið „Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2008“ en gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð á minnst fimm ára fresti.

Drög að texta nýrrar verndaráætlunar voru send í október 2008 til sveitarfélaganna við Breiðafjörð, Umhverfisstofnunar, Náttúrfæðistofnunar og Fornleifaverndar ríkisins og þeim gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við drögin, ekki seinna en í desember.

Verndaráætlunin fyrir Breiðafjörð 2008 mun að öllu óbreyttu verða tilbúin á fyrri hluta ársins 2009.

Helstu verkefni

Á árinu 2008 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál, en vinna við gerð verndaráætlunar var þar lang fyrirferðarmest. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð
- Vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð
- Örnefnaskráningar á Breiðafirði
- Skráning á sögu Breiðafjarðar
- Styrking á vernd Breiðafjarðar

Loftmyndataka og kortagerð af Breiðafirði

Landmælingar Íslands óskuðu eftir því við Breiðafjarðarnefnd, með erindi dags. 4. febrúar 2008, að Breiðafjarðarnefnd yrði í samstarfi við Landmælingar Íslands, Landhelgisgæsluna og Umhverfisstofnun við verkefni um að skilgreina þörf á nýjum

gögnum vegna kortagerðar af Breiðafirði, fjarmögnun þess verkefnis og framkvæmd í beinu framhaldi.

Breiðafjarðarnefnd skipaði Ásgeir Gunnar Jónsson sem fulltrúa sinn í þetta verkefni og fundaði hann með aðilum frá ofangreindum stofnunum þann 24. apríl. Á þeim fundi var ákveðið að afla tilboða í loftmyndagerð af svæði fyrir innan Stykkishólm. Annars vegar stendur til að taka litmyndir og hins vegar innrauðar loftmyndir, sem m.a. gefa ítarlegri upplýsingar um náttúrufar.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Á árinu 2008 var gengið frá samstarfssamningi við Raunvísindastofnun Íslands um heimildavinnu Hjördísar Lindu Jónsdóttur vegna leiðréttingar á strandlínu eyja og skerja við Breiðafjörð og afritun gagna vegna örnefna á Breiðafirði (örnefni á eyjum og skerjum undanskilin).

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur átt samstarf við Sverri Jakobsson sagnfræðing um skráningu á sögu Breiðafjarðar. Gerðir hafa verið fjórir samstarfssamningar frá því í maí 2005. Síðasti samningurinn var vegna vinnu við ritverkið á árinu 2008 og var undirritaður á fundi nefndarinnar þann 10. desember 2007. Sverrir hefur reglulega skilað Breiðafjarðarnefnd áfangaskýrslu um verkefnið, nú síðast í desember 2008.

Styrking á vernd Breiðafjarðar

Eins og fyrr greinir afhenti Breiðafjarðarnefnd á fundi sínum með umhverfisráðherra og menntamálaráðherra í Flatey minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar.

Minnisblaðið var svohljóðandi:

„Þann 10. ágúst 2007 samþykkti ríkisstjórnin tillögu menntamálaráðherra og umhverfisráðherra að nýrri yfirlitsskrá um fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO. Þar var Breiðafjörður tilgreindur sem eina íslenska svæðið sem tilnefna á bæði í flokki náttúru og menningar. Þá hefur umhverfisráðherra lýst yfir vilja til að tilnefna Breiðafjörð á Ramsarskrána um vernd mikilvægra votlendissvæða, sérstaklega fyrir fuglalíf.

Yfirlitsskrá Íslands og yfirlýsing umhverfisráðherra vitna um sérstöðu og mikilvægi náttúru- og menningarminja Breiðafjarðar. Merkileg menning hefur þróast við fjörðinn í gegnum aldirnar, að miklu leyti vegna samfelldrar búsetu og nytja þeirrar lífauðgi sem þar er að finna. Rík náttúra svæðisins byggir á fjölbreyttu lífríki sjávar, sem er til komið vegna einstæðs samspils landslags, sjávarfalla og næringarefna. Það

er því ekki tilviljun að svæðið er talið eitt af lykilsvæðum í Evrópu fyrir fuglalíf. Við þetta má bæta að sérfræðingar frá rannsóknastofnunum víða um Evrópu hafa valið Breiðafjörð á lista 32 svæða í Evrópu, þar sem stuðla ætti að varðveislu og rannsóknum á líffræðilegum fjölbreytileika í sjó.

Auk framangreinds gilda hér lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd starfar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt er lýtur að framkvæmd laganna. Á meðal verkefna Breiðafjarðarnefndar eru gerð verndaráætlunar (4. gr.). Fyrsta verndaráætlunin kom út árið 1999 og leggur nefndin um þessar mundir lokahönd á nýja verndaráætlun. Báðar þessar áætlanir fela í sér tillögur um fjölda verkefna til að stuðla að verndun svæðisins. Því miður hafa þó afar fá og tiltölulega lítil verkefni enn komist í framkvæmd vegna fjárhagskorts.

Nýlega beitti nefndin sér fyrir því að gerð var skýrsla um æskilegar áherslur í rannsóknum og vöktun á lífríki Breiðafjarðar, sbr. 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Skýrslan, sem send var umhverfisráðherra með bréfi dags. 14. apríl sl., var afrakstur fundar 24 sérfræðinga um lífríki sjávar í Breiðafirði. Í plagginu kom m.a. fram að þekkingu er víða mjög ábótavant. Til að mynda skortir mikið á kortlagningu og skráningu á grundvallar upplýsingum um náttúru svæðisins, auk þess sem innbyrðis tengsl lífvera og flæði kolefnis um vistkerfið er mjög lítið eða ekkert þekkt.

Framangreint undirstrikar hversu brýn þörf er fyrir starfsmann sem vinnur að vernd svæðisins, fylgir eftir verndaráætlun og stuðlar að auknum rannsóknum á náttúru- og menningarminjum. Slík vinna er mikilvægur undanfari að mögulegri tilnefningu svæðisins á Heimsmínjaskrá UNESCO og Ramsarskrána.

Þrátt fyrir mikla sérstöðu hefur Breiðafjörður setið eftir í samanburði við önnur vernduð svæði á Íslandi að því leyti að hér er lítil sem engin starfsemi tengd vernduninni. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að breyting verði þar á svo tryggja megi farsæla framtíð svæðisins. Breiðafjarðarnefnd fer þess á leit við umhverfisráðherra og menntamálaráðherra að þeir beiti sér fyrir því að fjármagni verði veitt til verndar Breiðafjarðar, svo ráða megi starfsmann til að sinna fjölmörgum fyrirbyggjandi verkefnum.“

Í kjölfarið var minnisblaðið sent sveitarfélögunum við Breiðafjörð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Fornleifavernd ríkisins til kynningar.

Vettvangsferð um Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Breiðafjörð þann 9. júlí 2008. Farið var í Flatey, Hvallátur og Svefneyjar. Meðal gesta í ferðinni voru Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Anna Kristín Ólafsdóttir aðstoðarkona umhverfisráðherra.

Lagt var af stað frá Stykkishólmi og Stað og haldið í Flatey. Þaðan var siglt á tveimur bátum til Svefneyja, þar sem Gissur Tryggvason og Ragnheiður Axelsdóttir tóku á móti hópnum og sáu um kynningu á Svefneyjum, nytjum og örnefnum. Nefndarmenn

skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Ranakofinn, sem nýtur friðunar skv. lögum um húsafriðun, vakti sérstaklega áhuga nefndarmanna og gesta.

Frá Svefneyjum var haldið í Hvallátur og gengið þar í land. Þar tóku þau Erla Friðriksdóttir og Guðmundur Björnsson á móti hópnum og sýndu m.a. seglskipið Egil sem Aðalsteinn Aðalsteinsson hefur verið að gera upp. Þá var æðarungaeldið skoðað ásamt aðstöðu til hreinsunar æðardúns.

Frá Hvallátrum var haldið aftur í Flatey en á leiðinni var rennt upp að eyjunum Höfninni (Hafnarey), Hrólfskletti og Flateyjar-Klofningi.

Í Flatey var gengið um eyjuna með leiðsögumanni Sæferða, Sveinbirni Pálssyni. Að því loknu var fundað og kvöldverður snæddur í Hótel Flatey.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrjú viðaukar.

[Viðauki – I:](#) Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 10 - 34.

[Viðauki – II:](#) Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 35 - 37.

[Viðauki – III:](#) Skýrslur og bæklingar, bls. 38.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2008 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í febrúar 2009
f.h. Breiðafjarðarnefndar

Kolbrún Reynisdóttir

Kolbrún Reynisdóttir
formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2008

85. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. febrúar 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Róbert A. Stefánsson, Sigurður Þórólfsson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Boðað var til 85. fundar 21. janúar og aftur 7. febrúar, en bæði skiptin þurfti að fresta fundi vegna veðurs og ófærðar.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 84. fundar

Fundargerðin var lesin upp.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Lögð var fram endurskoðuð forgangsröðun verkefna ásamt kostnaðaráætlun við örnefnaskráningar á Breiðafirði.

Þórólfur sagði frá því að hann hafi hlustað á útvarpsviðtal við Guðrúnu Öldu Gísladóttur, fornleifafræðing hjá Fornleifastofnun Íslands, þar sem hún sagði frá því að hún væri að vinna að skráningum örnefna m.a. í Öxney á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ganga til samninga við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um verkefni 1-3 í verkefnaáætluninni. Einnig var ákveðið að óska eftir því að fá tilboð frá Raunvísindastofnun um áframhald á verkefningu.

Ákveðið var að athuga hvort Guðrún Alda Gísladóttir hafi tök á að mæta á fund nefndarinnar til að ræða betur um þau verkefni sem hún vinnur að á Breiðafirði.

Jarðaskráningar á Breiðafirði

Lagðar voru fram og ræddar hugmyndir Guðrúnar Gísladóttur, dósents við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, um skráningar á heimildum um eignarhald og búsetu í eyjum á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir tillögu um nánari útfærslu á verkefningu ásamt kostnaðaráætlun.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert afhenti nefndarmönnum rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð. Þá sagði hann frá því að vinna við frágang niðurstaðna fundarins og skrif áætlunarinnar hefði

nánast eingöngu lent á Náttúrustofu Vesturlands en í upphafi var gert ráð fyrir að sú vinna dreifðist á fleiri aðila. Hann lagði fram yfirlit yfir útlagðan kostnað Náttúrustofunnar vegna þeirrar vinnu og fór fram á að nefndin greiddi hann.

Afgreiðsla: Ákveðið var senda ráðherra rannsóknáætlunina ásamt greinargerð. Í framhaldinu verður óskað eftir fundi með ráðherra m.a. til að ræða um rannsóknáætlunina og hvernig best sé að fylgja henni eftir.

Ákveðið var að ítreka umsókn til umhverfisráðuneytisins, sem send var í lok ágúst 2007, um styrk vegna kostnaðar við ráðstefnuna.

Þá var samþykkt að greiða Náttúrustofu Vesturlands útlagðan kostnað vegna skýrslu-skrifa.

Úrskurður umhverfisráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru

Lagður var fram og ræddur úrskurður umhverfisráðuneytisins frá 4. janúar 2008 um stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar frá 5. júlí 2007 þar sem synjað er um leyfi til að byggja hús í Skáley á Breiðafirði.

Drög að starfsskýrslu 2007

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu 2007. Drögin voru rædd.

Afgreiðsla: Starfsskýrslan var samþykkt með smávægilegum breytingum.

Þóknun vegna nefndarsetu 2007

Lögð voru fram drög að umsókn um greiðslu þóknunar til nefndarmanna vegna nefndarsetu ársins 2007 ásamt þeim einingafjölda sem reiknaður er hverjum og einum.

Afgreiðsla: Formaður óskaði eftir að skoða einingafjöldann nánar áður en óskað verður eftir uppgjöri við nefndarmenn. Aðrir nefndarmenn samþykktu þær einingar sem þeim eru reiknaðar.

Reglur um byggingar á verndarsvæðum í nágrannalöndunum

Guðríður sagði frá því að hún hafi enn ekki fengið svör við fyrirspurnum sínum um það hvernig reglum er háttað um byggingar á verndarsvæðum í nágrannalöndunum. Hún sagði jafnframt frá því að hún færi fljótlega á fund í Wales og þar muni hún spyrjast fyrir um þetta.

Aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp 2006-2018

Lögð var fram tillaga að aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp 2006-2018.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn skoði skipulagstillöguna betur og komi með athugasemdir á næsta fund.

Loftmyndataka og kortagerð af Breiðafirði

Erindi Landmælinga Íslands, dags. 4. febrúar 2008 var lagt fram og rætt.

Í nýlegum samstarfssamningum Landmælinga Íslands og Umhverfisstofnunar annars vegar og Landmælinga Íslands og Landhelgisgæslunnar hins vegar er tekið fram að stofnanirnar skuli vinna að því á árinu 2008 að skilgreina þörf á nýjum gögnum vegna kortagerðar af Breiðafirði, fjármögnun þess verkefnis og framkvæmd í beinu framhaldi.

Framangreindar stofnanir óska eftir samstarfi við Breiðafjarðarnefnd varðandi verkefnið og að Breiðafjarðarnefnd tilnefni tengilið vegna þess.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd fagnar þessu frumkvæði og tilnefndi Ásgeir Gunnar sem tengilið nefndarinnar vegna verkefnisins.

Önnur mál

Greinargerðir um ástand hörpudisksstofnsins og um áhrif vegfyllingar við Kolgrafafjörð á þéttleika og landnotkun minks

Róbert kynnti greinargerð um ástand hörpudisksstofnsins, sem unnin var af Jónasi Páli Jónassyni fyrir Háskólasetur Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands.

Einnig kynnti hann lokaskýrslu Náttúrustofu Vesturlands til Vegagerðarinnar um áhrif vegfyllingar við Kolgrafafjörð á þéttleika og landnotkun minks. Skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Náttúrustofunnar www.nsv.is.

Örnefni - fiskimið

Guðríður sagði frá fyrirspurn sem henni barst frá Inger Pedersen í Vega, Noregi. Spurt var um örnefnaskráningar á Breiðafirði og hvort einnig sé safnað saman heitum á fiskimiðum. Inger óskaði jafnframt eftir samstarfi þar sem verið sé að vinna að svipuðu verkefni í Vega. Guðríður hefur nú þegar svarað henni og áframsent erindi hennar til Guðrúnar Gísladóttur og Hjördísar Lindu Jónsdóttur.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda Inger skýrsluna **Örnefni í sjó á Breiðafirði**

Rannsókn á áhrifum skelfisksveiða á rauðbrysting í Vaðlahafi

Róbert sagði frá áhugaverðri rannsókn á rauðbrystingi sem Hollendingar unnu á áhrifum veiða á hjartaskel, sem er helsta fæða rauðbrystingsins þar. Veiðarnar eru taldar orsök fyrir verulegri fækkun í stofni rauðbrystings.

Fundi slitið kl. 14:20.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 11. mars 2008 í Stykkishólmi.

86. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. mars 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Þórólfur Halldórsson.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna veikinda og Róbert A. Stefánsson boðaði forföll vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00. Hann byrjaði á því að óska Eiríki Snæbjörnssyni og konu hans Sigfríði Magnúsdóttur til hamingju með að hafa nýlega hlotið Landbúnaðarverðlaunin 2008. Verðlaunin eru viðurkenning til þeirra sem á einn eða annan hátt tengjast landbúnaði og hafa sýnt áræðni og dugnað í verkum sínum og framkvæmdum.

Dagskrá:

Fundargerð 85. fundar

Fundargerðin var lesin upp.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp 2006-2018

Lögð var fram tillaga að aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp 2006-2018.

Nefndarmenn fóru í gegnum skipulagstillöguna og gerðu athugasemdir.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd mun senda athugasemdir við skipulagstillöguna til Landmótunar ehf. og Reykhólahrepps.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Lögð voru fram drög að samstarfssamningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd telur orðalag ekki nógu skýrt varðandi viss atriði samningsins.

Þá voru lagðar fram tillögur frá Guðrúnu Gísladóttur um áframhald á verkefni um skráningar örnefna á sjó á Breiðafirði og upphaf skráningar örnefna á eyjum.

Afgreiðsla: Þórólfur og Ásgeir Gunnar tóku að sér að óska eftir mati sérfræðings á því hvað felist nákvæmlega í samningnum við Raunvísindastofnun. Einnig munu þeir leita álits Svavars Sigmundssonar, forstöðumanns Örnefnastofnunar, á samningsdrögum.

Umræðu um áframhald á verkefninu var frestað til næsta fundar.

Jarðaskráningar á Breiðafirði

Lögð var fram hugmynd Guðrúnar Gísladóttur um verkefni um skráningu jarða á Breiðafirði og ábúendatal.

Afgreiðsla: Umræðu um verkefnið var frestað til næsta fundar.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd hefur ákveðið að senda umhverfisráðherra rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð ásamt greinargerð. Guðríður tók að sér að skrifa greinargerðina fyrir þennan fund.

Afgreiðsla: Guðríður náði ekki að vinna greinargerðina fyrir fundinn. Umræðu var því frestað til næsta fundar.

Skipulagsmál á Breiðafirði

Afgreiðsla: Umræðu var frestað vegna fjarveru Guðríðar og Róberts.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2007

Ritari afhenti nefndarmönnum starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2007.

Afgreiðsla: Formaður og varaformaður munu óska eftir fundi með umhverfisráðherra og afhenda starfsskýrsluna. Þegar ráðherra hefur fengið hana afhenta mun skýrslan verða gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar og send sveitarfélögunum við Breiðafjörð og fleirum.

Önnur mál

Fornleifaskráningar við Breiðafjörð

Magnús sagði frá því að hann hafi rætt við Guðrúnu Öldu Gísladóttur fornleifafræðing um þau verkefni sem hún vinnur að á Breiðafirði.

Friðjón sagði frá því að nú hafi verið stofnað Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna. Hann var meðal annarra skipaður í stjórn félagsins.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bjóða Guðrúnu Öldu Gísladóttur fornleifafræðingi og Birni Samúelssyni ferðamálafrömuði á Reykhólum að koma á næsta fund Breiðafjarðarnefndar.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Ákveðið var að Breiðafjarðarnefnd fari í vettvangsferð 2. júlí nk. Til stendur að fara í Svefneyjar og Hvallátur og enda í Flatey.

Afgreiðsla: Ritara var falið að óska eftir tilboði í ferðina.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 10. apríl nk.

87. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. apríl 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson og Róbert A. Stefánsson Þórólfur Halldórsson boðaði seinkun vegna ófærðar á Klettshálsi og mætti til fundar kl. 11:50.

Sigurður Þórólfsson boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Gestir fundarins voru Adolf Friðriksson og Guðrún Alda Gísladóttir frá Fornleifastofnun og Björn Samúelsson frá Reykhólum.

Formaður setti fund kl. 11:00 og bauð gesti velkomna.

Dagskrá:

Fornleifaskráningar á Breiðafirði

Adolf og Guðrún sögðu frá því að þau hafi verið að vinna að mörgum verkefnum á verndarsvæði Breiðafjarðar og kynntu fyrirleggjandi verkefni. Fram kom að á svæðinu hafi takmarkaðar fornleifarannsóknir farið fram og því ýmsir möguleikar á áhuga-verðum rannsóknum.

Björn sagði frá tilurð Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna og hvaða hugmyndir eru uppi um starfsemi félagsins.

Bent var á að Sverrir Jakobsson er að skrifa sögu Breiðafjarðar og fornleifaskráningar á Breiðafirði falla að því verkefni.

Þá var rætt um mögulegt samstarf nefndarinnar við Fornleifafélagið og Fornleifastofnun, m.a. hvernig hægt væri að samnýta ferðir út á Breiðafjörð til heimildaöflunar. Var talið æskilegt að koma á og efla samstarf mismunandi aðila þar sem það á við.

Að lokum óskuðu þau Guðrún Alda og Adolf eftir að fá að koma á fund nefnarinnar með reglulegum hætti, t.d. á u.þ.b. 1-2 ára fresti, og kynna niðurstöður rannsókna sinna. Nefndarmenn fögnuðu því.

Gestir viku af fundi kl. 13:10.

Fundargerð 86. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Rædd voru drög að samstarfssamningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Einnig voru ræddar tillögur frá Guðrúnu Gísladóttur um áframhald á verkefni um skráningar örnefna á sjó á Breiðafirði og upphaf skráningar örnefna á eyjum.

Breiðafjarðarnefnd taldi rétt að þar sem Breiðafjarðarnefnd er verkkaupi sé eðlilegt að nefndin hafi fullan aðgang að gögnunum og geti gert þau aðgengileg fyrir almenning þegar þau eru tilbúin.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd mun greiða Raunvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir þá vinnu sem Hjördís Linda Jónsdóttir hefur þegar unnið við örnefnaverkefnið.

Pórolfur mun setja sig í samband við Guðrúnu Gísladóttur og ræða við hana um samninginn fyrir hönd nefndarinnar. Varðandi áframhald á verkefni um skráningar á sjó og upphaf skráningar á eyjum var ákveðið að halda áfram samstarfi við Raunvísindastofnun.

Jarðaskráningar á Breiðafirði

Rædd var tillaga sem Guðrún Gísladóttir setti fram eftir óskum nefndarinnar um verkefni um skráningu jarða á Breiðafirði. Nefndarmönnum leist vel á verkefnið og telja brýnt að farið verði út í slíkar skráningar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða með þetta verkefni þar sem nefndin hefur að öllu óbreyttu ekki fjármagn á þessu ári til að ráðast í það.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Guðríður lagði fram drög að bréfi sem hún skrifaði og mun fylgja rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð þegar hún verður send ráðherra.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt og mun greinargerðin verða send ráðherra ásamt rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2007

Friðjón og Guðríður fóru á fund ráðherra þann 2. apríl sl. og afhentu m.a. starfsskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2007. Þau voru ánægð með fundinn og greindu frá því sem um var rætt.

Afgreiðsla: Starfsskýrslan verður send sveitarfélögunum við Breiðafjörð og fleirum. Hún er nú þegar aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar www.breidafjordur.is.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Rædd var tillaga Péturs Ágústssonar varðandi dagskrá vettvangsferðar Breiðafjarðarnefndar. Þar sem Pétur benti á að sjávarföll væru óhagstæð þann 2. júlí var ákveðið að fara miðvikudaginn 9. júlí og að dagskránni verði breytt þannig að fyrst verði farið í Svefneyjar og síðan í Hvallátur. Umhverfisráðherra og aðstoðarmanni hennar verður boðið í ferðina.

Afgreiðsla: Guðríður mun hafa samband við ráðherra og láta vita af dagsetningu ferðarinnar.

Önnur mál

Sögugarður á Grundarkampi

Nýverið hlaut Eyrbyggja - Sögumiðstöð í Grundarfirði, styrk í verkefni varðandi "Sögugarð" á Grundarkampi að fjárhæð 6 milljónir króna vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar á sviði ferðaþjónustu 2008-2009.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd fagnar styrkveitingunni og óskar Eyrbyggju til hamingju.

Green Globe vottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi

Róbert sagði frá því að síðustu daga hafi tveir úttektaraðilar frá Green Globe samtökunum verið staddir á Snæfellsnesi til að meta starfsemi sveitarfélaganna fimm (Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og

Stykkishólmsbæjar) og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og hvort hún sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar. Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum unnið að undirbúningi þess að fá Green Globe vottun. Á næstu dögum mun skýrast hvort sveitarfélögin hafi náð vottun.

Fundi slitið kl. 14:30.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 14. maí 2008.

88. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. maí 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson og Róbert A. Stefánsson. Sigurður Þórólfsson boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 87. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Lagt var fram og rætt álit frá Erlu S. Árnadóttur, hrl., á drögum að samningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Þá var farið yfir tillögur Erlu að breytingum á samningsdrögunum.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með vinnu Erlu og samþykktu þetta samningsform.

Lögfræðiálitnið og samningsdrögin verða kynnt fyrir Guðrúnu Gísladóttur, verkefnisstjóra örnefnaverkefnisins.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Umhverfiráðherra hefur verið send rannsóknáætlunin fyrir Breiðafjörð. Rætt var um hvernig frekari kynningu á henni verði háttað og hvernig hægt væri að stuðla að því að hún komist í framkvæmd.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ræða málið við ráðherra á fundi nefndarinnar sem haldinn verður í Flatey þann 9. júlí nk. Róbert og Magnús munu fyrir næsta fund gera drög að minnisblaði sem verður afhent ráðherra.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að á næsta fundi sé ætlunin að afhenda drög að heildartexta verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram tillaga Sæferða að dagskrá ferðarinnar, sem farin verður þann 9. júlí nk.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með tillöguna.

Önnur mál

Loftmyndataka á Breiðafirði

Ásgeir Gunnar sagði frá því að hann hafi farið sem fulltrúi Breiðafjarðarnefndar á fund með Sjósmælingum Íslands og Landmælingum Íslands þann 24. apríl sl. vegna

loftmyndaverkefnisins. Þar hafi verið ákveðið að afla tilboða í loftmyndagerð af svæði fyrir innan Stykkishólm. Annars vegar verði teknar litmyndir og hins vegar innrauðar loftmyndir, sem m.a. gefa ítarlegri upplýsingar um náttúruferar.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 30. júní.

89. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. júní 2008 í Stykkishólmi.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 88. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Róbert og Magnús lögðu fram drög að tveimur minnisblöðum sem til stendur að afhenda umhverfisráðherra annars vegar og menntamálaráðherra hins vegar á fundi nefndarinnar, sem haldinn verður í Flatey 9. júlí nk. Ráðherrarnir hafa báðir þegið boð um að taka þátt í vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar og funda með nefndinni. Nefndarmenn ræddu minnisblöðin og komu með tillögur, m.a. þess efnis að haldinn yrði vinnufundur sérfræðinga þar sem gerð yrði þarfagreining fyrir rannsóknir á menningarminum við Breiðafjörð og bent á þekkingargöt.

Afgreiðsla: Ákveðið var að sameina minnisblöðin í eitt sem fjallaði bæði um náttúru- og menningarminjar. Magnús og Róbert munu fullvinna minnisblaðið fyrir fundinn í Flatey. Þá var ákveðið að skýrsla af vinnufundi vegna rannsókn- og vöktunar-áætlunar fyrir Breiðafjörð verði gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar eftir fundinn í Flatey.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að drög að heildartexta verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð væru nánast tilbúin, en vildi bera nokkur atriði undir nefndarmenn áður en hann gengur frá textanum, sérstaklega varðandi verkefnaáætlun. Atriðin voru rædd.

Afgreiðsla: Róbert mun senda nefndarmönnum drög að heildartexta verndaráætlunarinnar á næstu dögum.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Álit frá Erlu S. Árnadóttur, hrl., á drögum að samningi við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði, og samningur byggður á álitinu, hefur verið sendur Guðrúnu Gísladóttur, verkefnisstjóra. Hún hefur ekki náð að fara yfir lögfræðialítið og samninginn.

Afgreiðsla: Málinu var frestað þar til Guðrún Gísladóttir hefur sagt álit sitt á nýja samningnum. Guðríður mun hafa samband við Guðrúnu og athuga hvort hún sjái sér fært um að kynna sér breytingarnar, svo hægt verði að undirrita samninginn fyrir næsta fund.

Skipulagðar hópferðir Sæferða ehf. innan marka netlaga í landi Rifgirðinga á Breiðafirði og uppsetning skiltis í Steinaklettum

Afrit af bréfi Guðrúnar Elísabetar Árnadóttur, lögfræðings, til Sæferða, dags. 16. maí sl. og bréf Sæferða ehf., dags. 25. maí sl., varðandi uppsetningu skiltis í Steinaklettum

í Hvammsfjarðarrösti voru lögð fram til kynningar. Erindi Sæferða var svarað með tölvupósti 26. maí sl.

Samstarf við Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna

Magnús sagði frá því að Guðrún Alda Gísladóttir fornleifafræðingur hafi lýst yfir vilja á samstarfi milli nefndarinnar og Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna um nýtingu loftmynda af Breiðafirði og vilji kanna hug nefndarinnar varðandi slíkt samstarf.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd tekur jákvætt í samstarfið og mun óska eftir nánari útfærslu á því. Samstarfssamningur verður unninn út frá þeim upplýsingum að fengnu samþykki Loftmynda ehf..

Önnur mál

Kynningarbæklingar Breiðafjarðarnefndar

Ritari sagði frá því að allt upplag kynningarbæklinganna “Fuglalíf á Breiðafirði” og “Breiðfjörður – Náttúra og saga” sé búið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að láta endurprenta þá bæklinga sem þegar hafa verið gefnir út í árslok ef fjárhagsstaða leyfir. Þá taldi nefndin æskilegt að gefa út bæklinga um æðarvarp og menningarminjar á Breiðafirði.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður haldinn í Flatey á Breiðafirði 9. júlí nk.

90. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. júlí 2008 í Flatey á Breiðafirði.

Mætt: Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Friðjón Þórðarson formaður tók þátt í vettvangsferðinni en var fjarverandi á fundinum. Varaformaður stjórnaði því fundinum. Magnús A. Sigurðsson var erlendis.

Gestir fundarins voru Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Anna Kristín Ólafsdóttir aðstoðarkona umhverfisráðherra.

Varaformaður setti fund kl. 16:50.

Dagskrá:

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Breiðafjörð, Flatey, Hvallátur og Svefneyjar. Lagt var af stað frá Stykkishólmi og Stað og haldið í Flatey. Þaðan var siglt á tveimur bátum inn með þorpinu til Svefneyja, þar sem Gissur Tryggvason, Ragnheiður Axelsdóttir og Vera Antonsdóttir tóku á móti hópnum og sáu um kynningu á eyjunni, nytjum og örnefnum. Nefndarmenn skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Ranakofinn, sem nýtur friðunar skv. lögum um húsafriðun, vakti sérstaklega áhuga nefndarmanna og gesta.

Frá Svefneyjum var haldið í Hvallátur og gengið þar í land. Þar tóku þau Erla Friðriksdóttir og Guðmundur Björnsson á móti hópnum og sýndu m.a. seglskipið Egil sem Aðalsteinn Aðalsteinsson hefur verið að gera upp. Þá var æðarungaeldið skoðað ásamt aðstöðu til hreinsunar æðardúns. Frá Hvallátrum var haldið aftur í Flatey en á leiðinni var rennt upp að eyjunum Höfninni (Hafnarey), Hrólfskletti og Flateyjar-Klofningi. Í Flatey var gengið um eyjuna með leiðsögumanni Sæferða, Sveinbirni Pálssyni og kvöldverður snæddur í Hótel Flatey.

Fundargerð 89. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Ráðherrum var afhent minnisblað Breiðafjarðarnefndar um styrkingu á vernd Breiðafjarðar. Þar voru kynntar ábendingar nefndarinnar um nauðsynlegar rannsóknir á náttúru- og menningarminjum svæðisins, að efla vernd svæðisins og framfylgja verndaráætlun m.a. vegna tillögu ríkisstjórnarinnar um tilnefningu Breiðafjarðar á heimsmínjaskrá UNESCO.

Þá ræddu nefndarmenn og gestir sérstöðu Breiðafjarðar og hugsanlegar breytingar á lögnum með tilliti til marka verndarsvæðisins.

Fundi slitið kl. 17:30. Næsti fundur ákveðinn síðar.

91. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 22. september í Stykkishólmi.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Dagskrá:

Breiðafjarðarnefnd, skipuð 17. júlí 2008

Þann 17. júlí sl. skipaði umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir í Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára. Í nefndinn sitja nú:

Formaður skipaður án tilnefningar
Kolbrún Reynisdóttir, formaður
Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður

Samkvæmt tilnefningu Fornleifaverndar ríkisins
Magnús A. Sigurðsson
Agnes Stefánsdóttir varamaður

Samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða
Þorleifur Eiríksson
Róbert Arnar Stefánsson varamaður

Samkvæmt tilnefningu Héraðsnefndar Snæfellinga
Ásgeir Gunnar Jónsson
Trausti Tryggvason varamaður

Samkvæmt tilnefningu Reykhólahrepps f.h. Héraðsnefndar A-Barðastrandarsýslu
Eiríkur Snæbjörnsson
Jóhannes Geir Gíslason varamaður

Samkvæmt tilnefningu Dalabyggðar, f.h. Héraðsnefndar Dalasýslu
Sigurður Þórólfsson
Halla S. Steinólfsdóttir varamaður

Samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna í Vestur Barðastrandarsýslu
Þórólfur Halldórsson
Úlfar B. Thoroddsen varamaður

Fundargerð 90. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar

Minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar sem afhent var umhverfisráðherra og menntamálaráðherra á fundi með Breiðafjarðarnefnd í Flatey 9. júlí sl. var rætt. Í minnisblaðinu er sagt frá vinnufundi sérfræðinga á sviði rannsókna- og vöktunar á náttúru Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd stóð fyrir og haldinn var 12. – 13. september 2007. Ákveðið var að stefna að því að halda vinnufund með svipuðu sniði þar sem fjallað verður um menningarminjar. Magnús mun vinna drög að minnisblaði fyrir næsta fund varðandi helstu umfjöllunarefni og hvaða sérfræðinga skuli kalla til. **Afgreiðsla:** Ákveðið var að senda sveitarfélögunum við Breiðafjörð, Fornleifavernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands minnisblaðið til kynningar.

Fundur nýskipaðs formanns og varaformanns með umhverfisráðherra

Þann 22. ágúst sl. funduðu Kolbrún Reynisdóttir formaður Breiðafjarðarnefndar og Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður með Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra, Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra og Önnu Kristínu Ólafsdóttur aðstoðarkonu ráðherra. Þær sögðu frá fundinum og því sem um var rætt.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Lagður var fram texti Verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2008-2018. Textinn er fullunninn af hálfu höfunda fyrir utan að í hann vantar uppfærðar upplýsingar um friðlýst æðarvörp en beðið er eftir upplýsingum um þau.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda sveitarfélögunum við Breiðafjörð, Fornleifavernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands verndaráætlunina. Þeim verður veittur frestur til 1. desember nk. til að senda inn athugasemdir við áætlunina.

Þá var ákveðið að næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verði einungis tileinkaður verndaráætluninni og þá verði farið í textann lið fyrir lið. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 9. október nk. í Stykkishólmi.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla Sverris Jakobssonar frá 1. júlí sl.

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands um örnefnaskráningar

Lagt var fram bréf frá Guðríðu Gísladóttur þar sem hún óskar eftir að samningnum verði frestað vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta gerð samningsins en ganga þarf frá samningi vegna þess hluta sem þegar hefur verið unninn og greitt fyrir.

Fyrirhuguð gerð flugvallar í Svefneyjum

Erindi Gissurar Tryggvasonar og Ragnheiðar Axelsdóttur, dags. 13. september sl. var rætt. Í erindinu lýsa þau áhyggjum sínum af umræðum meðeigenda sinna að Svefneyjalöndum um flugvallargerð á heimaeyjunni.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd sendi fyrirspurn til byggingarfulltrúans í Reykhólahreppi um hvort erindi hafi borist erindi varðandi flugvallargerð í Svefneyjum. Hann kvað svo ekki vera. Ef slíkt erindi bærisk byggingafulltrúa kæmi beiðni um umsögn frá byggingafulltrúanum til Breiðafjarðarnefndar, skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Rædd var staða fjármála Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir tilboði í endurprentun á báðum kynningarbæklingunum í 5 þúsund eintökum á íslensku og 10 þúsund á ensku og í prentun á 200 eintökum af verndaráætluninni.

Ákveðið var að senda erindi til umhverfisráðuneytisins og óska eftir auknu fjárframlagi til Breiðafjarðarnefndar til að unnt verði að leiðrétta kortlagningu og grunnupplýsingar sbr. niðurstöður sérfræðingafundar sem haldinn var í Stykkishólmi í september 2007.

Önnur mál

Náttúrustofuþing

Föstudaginn 26. september nk. bjóða náttúrustofur til opinnar ráðstefnu í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði frá kl. 14:00-18:15. Þar munu náttúrustofurnar og boðsfyrirlesarar flytja fyrirlestra um ýmis áhugaverð málefni. Dagskrá ráðstefnunnar var lesin upp en nefndarmönnum hefur sérstaklega verið boðið að mæta.

Fráfarandi formaður, Friðjón Þórðarson

Þann 17. júlí sl. lét Friðjón Þórðarson af störfum sem formaður Breiðafjarðarnefndar. Því starfi sinni hann allt frá því að nefndin tók til starfa en fyrsti fundur hennar var haldinn á Hótel Stykkishólmi 11. apríl 1996.

Háskólaþing á Ísafirði

Guðríður sagði frá því að nú sé m.a. hægt að stunda meistaranám í haf- og strand-svæðastjórnun við Háskólaþingið á Ísafirði.

Fundi slitið kl. 13:20

Næsti fundur ákveðinn 9. október nk.

92. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. október í Stykkishólmi.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Dagskrá:

Fundargerð 91. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Lagður var fram texti Verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2008-2018. Textinn er fullunninn af hálfu höfunda fyrir utan að í hann vantar uppfærðar upplýsingar um friðlýst æðarvörp en beðið er eftir upplýsingum um þau. Sveitarfélögunum við Breiðafjörð, Fornleifavernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa verið send drög að verndaráætluninni. Þeim var veittur frestur til 1. desember nk. til að senda inn athugasemdir við áætlunina.

Við yfirferð textans var ýmislegt rætt og var m.a. ákveðið að verndaráætlunin muni bera heitið „Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2008“ en gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð á minnst fimm ára fresti.

Afgreiðsla: Ekki tókst að ljúka yfirferð yfir texta Verndaráætlunnar á fundinum. Haldið verður áfram á næsta fundi, sem haldinn verður 30. október nk.

Fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur ákveðinn 30. október nk. kl. 10:30.

93. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. október í Stykkishólmi.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Dagskrá:

Fundargerð 92. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Starfshættir Breiðafjarðarnefndar og Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Lagt var fram bréf Þorleifs Eiríkssonar, fulltrúa Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands í Breiðafjarðarnefnd. Hann óskaði sérstaklega eftir því að erindið yrði rætt áður en yfirlestri yfir Verndaráætlunina verði haldið áfram.

1. gr. erindisins er svohljóðandi:

“Starfshættir Breiðafjarðarnefndar

Að gefnu tilefni vill Breiðafjarðarnefnd láta koma fram. Lögum samkvæmt er meginhlutverk nefndarinnar að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um hvað eina er varðar verndun Breiðafjarðar. Það hlutverk rækir nefndin með því að taka upp einstök mál, gera verndar- og rannsóknaráætlanir og semja reglugerðir um verndun menningar- og náttúruminja í Breiðafirði. Einnig að rækir nefndin ráðgjafarhlutverk sitt með því að taka út stöðu einstakra verndarpátta, kanna hvort og þá hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar og koma ábendingum þar að lútandi til umhverfisráðherra og sveitarstjórna eftir því sem við á. Nefndin er ekki framkvæmdaaðili.”

Afgreiðsla á 1. gr.: Nefndarmenn voru ekki sammála því að taka tillit til tillögunnar. Hún væri óþörf þar sem nú þegar sé hlutverk nefndarinnar skýrt í lögum um vernd Breiðafjarðar, í verndaráætlun og á heimasíðu nefndarinnar.

2. gr. erindisins er svohljóðandi:

“Verndaráætlun

Í fyrirleggjandi drögum er ítarleg grein gerð fyrir verndarsvæðinu og því sem talið er verndar þurfi. Hins vegar þarf að skerpa suma kafla og gera tillögur beinskeyttari og því er lagt til:

- a) að drög að verndaráætlun verði ekki eingöngu send til umsagnar Sveitarfélaganna, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Fornleifaverndar heldur þegar send út til umsagnar til annarra aðila sem tilgreindir eru í kafla 1.4 í drögunum, þ.e. Umhverfisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða, Háskólasetri Snæfellsness, Vör – sjávarrannsóknarsetri við Breiðafjörð,

Veiðimálastofnun, Minjaverði Vesturlands og Vestfjarða, Ferðamálastofu og Ferða- og Atvinnufulltrúa Vesturlands, Ferðaþjónustuaðila á svæðinu og æðarræktarfélagum við Breiðafjörð og að auki til eftirfarandi aðila: Vegagerðarinnar, Siglingamálastofnunar og Flugstoða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og þeim gefinn mánuður til að skila umsögnum (kringum 1. des. n.k.).”

Afgreiðsla á 2. gr, lið 1.a.: Nefndarmenn telja eðlilegt og í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga um vernd Breiðafjarðar að sveitarfélögin fái drögin fyrst til yfirllesturs og geti gert athugasemdir áður en þau verða send öðrum.

b) “að frekari vinnu við áætlunina verði frestað af hálfu nefndarinnar þar til umsagnarfrestur er liðinn.”

Afgreiðsla á 2. gr., lið b.: Ákveðið var að halda áfram með yfirllestur verndaráætlunar þar sem farið verður yfir hverja efnisgrein fyrir sig og að töluliðir ii - v í c lið verði teknir fyrir á þeim stað í Verndaráætluninni sem við á.

- c) “að fyrirbyggjandi drög verði aukin og breytt með eftirfarandi í huga:
- i. Breiðafjarðarnefnd verði ekki falin framkvæmd einstakra verkefna í þessari verndaráætlun, heldur ber að leggja áherslu á ráðgjafarhlutverk hennar.
 - ii. Að tekin verði saman yfirlitskafla í upphafi skýrslunnar um verndarstöðu og ógnir, sundurliðað eftir helstu verndarþáttum og svæðum. Eins hvað hefur áunnist varðandi þau verðmæti sem lög um verndun Breiðafjarðar beinast að, t.d. fjörur og menningarminjar.
 - iii. að í verndaráætlun verði tekin skýr og rökstudd afstaða til verndaraðgerða á borð við skráningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá (sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar), Ramsar (sbr. yfirlýsingu umhverfisráðherra) og verndun menningarsögulegra minja.
 - iv. að drög að reglugerðum um verndun menningar- og náttúruminja séu lögð fram samhliða verndaráætlun.
 - v. Að draga fram nokkur atriði úr fyrirbyggjandi drögum að rannsóknaráætlun, sem nýtast beint til verndaraðgerða og tilgreina í verndaráætlun, svo sem kortlagningu á fjörum og botni Breiðafjarðar.”

Afgreiðsla á 2. gr., lið c:

- i. Breiðafjarðarnefnd telur óþarft að setja nefndinni þau takmörk að geta ekki farið í einstök verkefni sem nefndin telur brýn.

Haldið var áfram yfirferð yfir texta Verndaráætlunarinnar og gerðar athugasemdir við nokkra efnisþætti.

Ekki tókst að ljúka yfirferð yfir drög verndaráætlunarinnar. Yfirferð verður haldið áfram á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur ákveðinn 13. nóvember nk. kl. 10:30.

94. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. nóvember í Stykkishólmi.

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Róbert Arnar Stefánsson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar sem boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Dagskrá:

Sjávarorka – kynning á starfsemi

Gestir fundarins voru Baldur Gíslason og Sigurjón Jónsson, en þeir óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar og kynna starfsemi Sjávarorku, sem vinnur að undirbúningi mögulegrar virkjunar sjávarfallastrauma við mynni Hvammsfjarðar. Þeir sögðu frá stofnun félagsins, starfsemi þess frá upphafi og framtíðaráformum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd var ánægð með kynninguna og mun fylgjast með framgangi mála hjá fyrirtækinu.

Baldur og Sigurjón yfirlög fundinn kl. 11:10.

Fundargerð 93. fundar

Fundargerðin var lesin upp og voru athugasemdir Þorleifs Eiríkssonar ræddar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt án framkominna athugasemda.

Samningur við Raunvísindastofnun

Drög að samningi við Raunvísindastofnun vegna þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin voru rædd.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda Guðrúnu Gísladóttur samningsdrögin til yfirlstrar og henni gefinn kostur á að koma með athugasemdir

Minnispunktur vegna sérfræðingafundar um menningarminjar

Magnús lagði fram minnispunkta vegna fyrirhugaðs sérfræðingafundar um menningarminjar og sagði frá hugmyndum sínum. Minnispunktarnir voru ræddir.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda undirbúningsvinnu áfram og stefna að því að fundurinn verði haldinn í apríl 2009. Ritari mun athuga hvort Hótel Stykkishólmur verði laust og formaður mun senda þeim aðilum sem nefndir eru í minnispunktunum bréf til að kynna hugmyndir nefndarinnar og kanna áhuga fyrir þátttöku.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram og rædd fjárhagsáætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd til áramóta 2008.

Afgreiðsla: Ákveðið var fresta ákvarðanatöku um frekari útgjöld þar til fjárlög fyrir árið 2009 liggja fyrir.

Tilboð í prentun

Lagt var fram og rætt tilboð frá prentsmiðjunni HjúGuðjónÓ í endurprentun á kynningarbæklingum um fuglalíf á Breiðafirði og náttúru og sögu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða með ákvörðun um endurprentun þar til fjárlög 2009 liggja fyrir.

Umsókn til umhverfisráðherra um aukið fjármagn

Rædd voru drög að bréfi til umhverfisráðuneytisins þar sem óskað er eftir auknu fjárframlagi til að fylgja eftir skýrslu sérfræðinga um æskilegar rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sem kom út í ársbyrjun 2008. Nokkrar fleiri hugmyndir voru ræddar í ljósi breyttra aðstæðna í Þjóðfélaginu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda ekki bréfið í ljósi gjörbreyttra aðstæðna í Þjóðfélaginu. Í stað þess var ákveðið að huga að mótun á atvinnuskapandi verkefnum, sem falla vel að vernd náttúru- og menningarminja á Breiðafjarðarsvæðinu. Nefndarmenn munu senda hugmyndir sínar til ritara fyrir næsta fund. Þórólfur mun kanna stöðu atvinnumála á svæðinu.

Svefneyjar

Lagt var fram og rætt erindi Dagbjarts Einarssonar og Birnu Óladóttur til Breiðafjarðarnefndar, dags. 11. nóvember 2008. Í erindinu vísa þau til erinds Gissurar Tryggvasonar og Ragnheiðar Axelsdóttur frá 14. september sl. Dagbjartur og Birna segja að ekki hafi staðið til að gera flugbraut í Svefneyjum en að hugmyndir hafi komið upp um að slétta tún fyrir u.þ.b. 300 metra langan einkalendingarstað (grasbraut).

Afgreiðsla: Ákveðið var að svara erindininu.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Fram kom tillaga um dagskrárbreytingu og taka fyrst fyrir liðinn „Önnur mál.“

Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt.

Önnur mál

Fundargerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar

Sagt var frá bókun í fundargerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar frá 29. september sl. en undir „Önnur mál“ í fundargerðinni er eftirfarandi bókun:

„Rætt um að ekki er hægt að sjá að Breiðarfjörður sé friðland, Breiðarfjarðarnefnd ætti að setja upp skilti þar sem gert væri grein fyrir friðlandinu.“

Í verndaráætlun 2000-2004 kemur fram að „sem dæmi um samstarf við ferðaþjónustuaðila má nefna að tilvalið er að setja upp fræðsluskilti í Baldri, en einnig mætti kanna möguleika á að setja upp fræðsluskilti á áningastöðum sem Vegagerðin hefur komið upp á svæðinu svo sem yst á Fellsströnd þar sem er gott útsýni yfir svæðið, yfir Langeyjarnes og Dagverðarnes.“ Breiðafjarðarnefnd telur að æskilegt sé að setja upp skilti sem gætu verið staðsett við hafnirnar í Stykkishólmi, á Stað, á Brjánslæk og í Flatey. Þetta gæti verið samstarfsverkefni við Vegagerðina og Ferðamálastofu.

Afgreiðsla: Ákveðið var senda tillögu þess efnis til Vegagerðarinnar. Málið verður tekið upp á fundi nefndarinnar í janúar.

Desemberfundur Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla: Ákveðið var að næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verði haldinn í Leifsbúð í Búðardal. Fundurinn verður haldinn 4. eða 5. desember nk. Friðjóni Þórðarsyni, fyrrverandi formanni nefndarinnar, verður boðið á fundinn ásamt fyrrverandi nefndarmönnum.

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla: Ákveðið var að fundargerðir Breiðafjarðarnefndar verði framvegis sendar út á rafrænu formi í tölvupósti. Bréf verður sent með næstu fundargerð þar sem óskað verður eftir því að þeir aðilar sem nú fá fundargerðirnar sendar í pósti gefi upp netfang sem hægt er að senda þær á.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2008

Yfirferð yfir texta verndaráætlunarinnar var haldið áfram frá síðasta fundi.

Afgreiðsla: Ekki tókst að ljúka yfirferð yfir texta verndaráætlunarinnar og verður henni haldið áfram á fyrsta fundi næsta árs.

Ákveðið var að boða Sigurð Á. Þráinsson á fund nefndarinnar eftir áramót til að kynna Ramsarskrána og heimsminjaskrána World Heritage.

Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur verður haldinn í Búðardal 4. eða 5. desember nk. kl. 11:00.

95. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. desember 2008 í Leifsbúð í Búðardal

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson.

Þorleifur Eiríksson komst ekki á fundinn.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 94. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplasin og samþykkt.

Verkefni á verndarsvæði Breiðafjarðar

Þórólfur lagði fram og kynnti auglýsingu frá Húsafriðunarnefnd þar sem í ljósi ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar er skorað á sveitarfélög og arkitekta að beina sjónum sínum m.a. að verkefnum varðandi húsakönnun vegna húsaverndar.

Þórólfur sagði frá því að hann hafi haft samband við Karl Sigurðsson hjá Vinnuálastofnun til að kanna stöðu atvinnumála sveitarfélaganna við Breiðafjörð og leita eftir hugmyndum um hvernig hægt sé að skapa tímabundin störf fyrir fólk sem annars mundi þiggja atvinnuleysisbætur, t.d. við húsaskráningar s.s. í þorpinu í Flatey og víðar í eyjunum, skráningu og hnitsetningu ýmissa mannvirkja s.s. lendinga og hjalla og annarra menningarsögulegra minja auk skráningu og hnitsetningu örnefna á jörðum við Breiðafjörð.

Karl greindi honum frá því að verið væri að ljúka reglugerðarsmið um atvinnuskapandi verkefni en ekki var orðið ljóst fyrir fundinn hvernig það yrði útfært. Hann vonaðist þó til að upplýsingar um hvernig staðið verði að útfærslu verkefnisins verði tilbúna á næstu dögum.

Þórólfur sagði einnig frá því að hann hafi rætt við Óskar L. Arnarsson fornleifafræðing sem unnið hefur við örnefnaskráningar fyrir Reykhólahrepp og beðið hann um að setja upp nokkurs konar "módel" fyrir verkefni sem snýr að yfirfærslu örnefna á Breiðafirði yfir á loftmyndir.

Þórólfur kynnti greinargerð frá Óskari þar sem hann reifar umfang slíks verkefnis. Nefndarmenn voru sammála um að koma þurfi atvinnuskapandi verkefnum í farveg og kynna fyrir sveitarfélagunum, sem hugsanlega gætu tekið þau upp á sína arma m.a. með mótframlagi við framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Afgreiðsla: Þórólfur og Magnús tóku að sér að vinna drög að minnisblaði þar sem settar verða upp hugmyndir um atvinnuskapandi verkefni. Sveitarfélagunum við Breiðafjörð verður síðan sent bréf og þeim kynntar hugmyndirnar og óskað eftir því að þau komi að verkefnunum. Bréfið verður einnig sent umhverfisráðherra og menntamálaráðherra til kynningar.

Önnur mál

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla Sverris Jakobssonar vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar á árinu 2008.

Ramsarskráin og heimsmínjaskráin World Heritage

Guðríður sagði frá því að Sigurður Á Þráinsson hjá umhverfisráðuneytinu hafi tekið vel í að koma á fund nefndarinnar og ræða kosti og galla þess að Breiðafjörður fari á Ramsarskrána og heimsmínjaskrána.

Afgreiðsla: Sigurður verður boðaður á fund nefndarinnar þann 15. janúar nk.

Samningur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar

Guðrún Gísladóttir hafði ekki tæk á að bera drög að samstarfssamningi vegna örnefnaskráninga undir lögfræðing Háskólans fyrir fundinn. Henni verður boðið að koma á janúarfund nefndarinnar og ræða samningsdrögin við nefndarmenn.

Fornleifaskráningar á Breiðafirði

Eiríkur lagði fram til kynningar framvinduskýrslu fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna vegna fornleifarannsókna við Breiðafjörð.

Formlegum fundi var slitið kl. 12:00 og gestir fundarins boðnir velkomnir.

Friðjón Þórðarson var sérstaklega boðinn velkominn og þakkað störf sem formaður Breiðafjarðarnefndar árin 1996 til 2008. Aðrir gestir voru fyrrum nefndarmennirnir Árni Björnsson og Jóhannes Geir Gíslason.

Þorleifur Eiríksson, Róbert A. Stefánsson, Rúnar Gíslason, Ævar Petersen og Sigmundur Einarsson báðu fyrir kveðju til Friðjóns og nefndarmanna.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2008

Innsend erindi 2008

4. febrúar 2008. Landmælingar Íslands

Efni: Loftmyndataka og kortagerð af Breiðafirði

25. maí 2008. Sæferðir

Efni: Uppsetning skiltis í Steinaklettum í Hvammsfjarðarröst

11. ágúst 2008. Háskólasetur Vestfjarða

Efni: Haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða: Málþing í tilefni setningar meistaranáms.

14. september 2008. Ragnheiður Axelsdóttir og Gissur Tryggvason

Efni: Fyrirhuguð flugvallargerð í Svefneyjum.

23. október 2008. Náttúrustofa Vestfjarða, Þorleifur Eiríksson.

Efni: Starfshættir Breiðafjarðarnefndar og Verndaráætlun.

11. nóvember 2008. Dagbjartur Einarsson og Birna Óladóttir.

Efni: Svar meðeigenda í Svefneyjum vegna erindis Ragnheiðar Axelsdóttur og Gissurar Tryggvasonar um fyrirhugaða flugvallargerð í heimaeyjunni.

14. nóvember 2008. Snæfellsbær.

Efni: Styrking á vernd Breiðafjarðar.

21. nóvember 2008. Reykhólahreppur.

Efni: Fyrirspurn um drög að Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

4. desember 2008. Grundarfjarðarbær.

Efni: Umsögn Grundarfjarðarbæjar vegna draga að Verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018

4. desember 2008. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Efni: Vernaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018

8. desember 2008. Helgafellssveit.

Efni: Verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018

10. desember 2008. Stykkishólmsbær.

Efni: Umsögn við drög að verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2008.

17. desember 2008. Fornleifavernd ríkisins.

Efni: Fundur sérfræðinga um menningarminjar á Breiðafirði

Útsend erindi 2008

21. febrúar 2008. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu 2007.

22. febrúar 2008. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna vinnufundar og gerð rannsóknáætlunar fyrir Breiðafjörð.

22. febrúar 2008. Landmælingar Íslands.

Efni: Loftmyndataka og kortagerð af Breiðafirði.

12. mars 2008. Landmótun sf.

Efni: Tillaga að aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp 2006-2018.

14. apríl 2008. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð.

26. maí 2008. Sæferðir

Efni: Uppsetning skiltis í Breiðarfjarðareyju. (Tölvupóstur)

22. september 2008. Gissur Tryggvason og Ragnheiður Axelsdóttir

Efni: Fyrirhuguð flugvallagerð í Svefneyjum.

22. september 2008. Sveitarfélögin við Breiðafjörð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Fornleifavernd ríkisins.

Efni: Minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar.

22. september 2008. Sveitarfélögin við Breiðafjörð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Fornleifavernd ríkisins.

Efni: Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

14. nóvember 2008. Umhverfisstofnun.

Efni: Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

14. nóvember 2008. Dagbjartur Einarsson og Birna Óladóttir

Efni: Svefneyjar á Breiðafirði

27. nóvember 2008. Reykhólahreppur.

Efni: Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð – Athugasemdir við texta

16. desember 2008.

Efni: Fundur sérfræðinga um menningarminjar á Breiðafirði

Sent eftirtöldum:

Einar G Pétursson, dr phil

Fornleifavernd ríkisins

Fornleifafræðistofan

Fornleifafræðingafélag Íslands

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga
Fornleifastofnun Íslands
Fornleifafélag Dala og Barðastrandar, Björn Samúelsson
Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild
Háskóli Íslands, Sagnfræði- og heimspekideild
Háskóli Íslands, Líf og umhverfisvísindadeild
Hið íslenska fornleifafélag, Ragnheiður Traustadóttir
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Hólarannsóknin
Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri, Umhverfisskipulag
Náttúrustofa Vestfjarða
Óskar Leifur Arnarsson
Reykjavíkúrákademían, Steinunn Kristjánsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar, Örnefnastofnun
Sverrir Jakobsson
Þjóðminjasafn Íslands

Skýrslur og bæklingar

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson
1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eypórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>